

Áhættumat og öryggisáætlun
fyrir Grundaskóla
2025-2028

Efnisyfirlit

I.Hluti:

Öryggisnefnd

Vinnusvæði og skrifstofur á 3. hæð C-álmu

Kennsluhúsnæði yngsta stigs 2. efri hæð í C-álmu

Kennsluhúsnæði list og verkgreina 1. hæð í C-álmu

Kennsluhúsnæði í D-álmu

Kennsluhúsnæði í B-álmu

Mötuneyti nemenda

Bókasafn

Skrifstofur og valreinastofur

Kennsluhúsnæði í Eyju – lausar kennslustofur

Kennslustofur í Lengju – lausar kennslustofur

Kennsluhúsnæði á Jaðarsbökkum

Kennsluhúsnæði og aðstaða fyrir frístund á Grundaseli

Öryggisáætlun vegna eldsvoða

Viðbrögð við óveðri

Námskeiðshald, þjálfun og eftirlit

II.Hluti

Athugasemdir og ábendingar um viðhald tengt skólahúsnæði Grundaskóla

Við gerð áhættumats og öryggisáætlunar er gerð grein fyrir áhættumati og ætlun fyrir hvern hluta skólahúsnæðisins fyrir sig. Um er að ræða áætlun sem snýr að öryggi starfsmanna/nemenda og hugsanlegum hættum á vinnustaðnum (Grundaskóli).

Áhættumat tekur mið af húsnæðisskipan eftir miklar endurbætur á undangengnum árum. Ný kennsluáðstaða í C-byggingu verður tekin í notkun á fyrstu vikum ársins 2025 og nýtt íþróttahús á haustmánuðum sama ár.

Reykingar eru bannaðar í skólanum.

Öryggisnefnd

Húsumsjónarmaður í Grundaskóla er **Finnur Guðni Þórðarson** (finnur@grundaskoli.is) sími: 690-2100

Tveir öryggistrúnaðarmenn eru við skólann en þeim embættisverkum sinna eftirtaldir aðilar skólaárið 2025-2028.

Auðir Líndal (audur.lindal@grundaskoli.is)

Auður Elísabet Baldursdóttir (audur.baldursdottir@grundaskoli.is)

Í Grundaskóla starfar sérstök öryggistrúnaðarnefnd og í þeirri nefnd sitja skólastjórnendur ásamt öryggistrúnaðarmönnum og húsumsjónarmanni. Nefndinni er ætlað að fylgja eftir reglum um öryggismál og hollustuhætti á vinnustað. Allir starfsmenn skólans sem og utanaðkomandi aðilar geta vísað málum til nefndarinnar tengt þessum málaflokki og mun nefndin taka slík mál til umfjöllunar. Öryggisnefnd hefur ekki fasta fundartíma heldur er nefndin kölluð saman ef nefndarmaður óskar þess eða erindi berst.

Vinnusvæði og skrifstofur á 3. hæð C-álm

Um er að ræða efstu hæðina í nýuppgerðri byggingu sem tekin var í notkun á fyrstu vikum ársins 2025. Þriðja hæðin hýsir aðstöðu skólastjórnar og fundaaðstöðu fyrir teymi og fagaðila í skólanum. Á hæðinni er einnig sameiginleg starfsmannaástaða og kaffistofa fyrir allan skólann.

Góð salernisaðstaða er á hæðinni og aðgengi gott bæði með breiðum stigum í sitt hvorum endanum og lyftum sem ganga á milli hæða í byggingunni.

Gert er ráð fyrir að kennarar, fagaðilar og almennir starfsmenn verði að jafnaði um fimmtán til tuttugu talsins að störfum á þessu svæði. Gestafjöldi getur þó orðið hærri í kaffitímum og tilfallandi fundum eða allt að eitt hundrað manns.

Öryggis starfsmanna er gætt í hvívetna. Starfsmönnum stafar ekki hættu af umhverfi sínu eða starfsvettvangi. Vel er búið að starfsmönnum á allan hátt hvað varðar aðbúnað eða gögn og öryggis gætt í hvívetna. Góð loftræsting, lýsing og hljóðvist.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sér ræstingaherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma.

Kennsluhúsnæði yngsta stigs 2. efri hæð í C-álmum (2. – 4. bekkur)

Önnur hæð í C-álmum er nýuppgerð og mun hýsa nemendur í 2. – 4. bekk skólans. Alls er gert ráð fyrir að nemendafjöldinn sé á bilinu 210-220. Á þessu svæði eru nú níu bekkjardeildir með þrjá bekk í hverri bekkjardeild.

Alls er gert ráð fyrir 11 kennslustofum auk sameiginlega opins kennslusvæðis í miðrymi. Í miðrymi er einnig gert ráð fyrir salerni og ræstingarherbergjum. Fatahengi eru ekki inni í kennslustofum heldur geyma nemendur fatnað og skó í anddyri.

Kennarar og almennir starfsmenn eru að jafnaði um fimmtán til tuttugu talsins. Öryggis starfsmanna/nemenda er gætt í hvívetna og stafar ekki hættu af umhverfi eða starfsvettvangi. Kennarar á þessu stigi geta unnið í sínum kennslustofum að kennslu lokinni en vinnuaðstaður eru þó þröngar. Tölva er í hverri kennslustofu og prentari á kaffistofu.

Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða og kennaraborð eru upphækkanleg.

Gott aðgengi er að síma. Umsjónarkennarar hafa auk þessa aðgang að tölvum, prentara og ljósritunarvél í stjórnunarálmu.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sér ræstingaherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma.

Góð hljóðvist og lýsing er á svæðinu og húsnæðið allt hið vistlegasta.

Kennsluhúsnæði list og verkgreina 1. hæð í C-álmum

Á 1. hæð í C-álmum skólans eru kennslustofur í list- og verkgreinum. Þessi hæð er eins og aðrar í C-álmunni nýuppgerð og var tekin í notkun í byrjun þessa árs eftir umfangsmiklar endurbætur á byggingunni og öllum húsmunum.

Vinnuaðstaða fyrir starfsmenn og nemendur er öll hin glæsilegast og öryggis gætt í hvívetna. Þetta varðar fjölmörg atriði og má hér nefna; Fyrirmæli eru um að geyma efnisstranga í lokuðum rýmum. Textílkennarar munu velja skápa sem þeir telja henta í þessum tilgangi. Með þessu móti verður dregið úr hugsanlegri rykmengun í kennslustofunni.

Matreiðslustofur eru tvær. Þar er ýmislegt sem þarf að varast s.s. beittir hnífar og tæki til matreiðslu. Kennslustofur eru alla jafnan læstar þegar kennarar eru ekki á svæðinu og sjá um verkstjórn. Hið sama varðar umhirðu og gæslu með olíum og öðru er tilheyrir matreiðslu.

Í smiðjustofu eru léttar sagir, stórir brennsluofnar o.fl. tæki sem geta valdið hættu. Verkfæri eru geymd í læstum rýmum eða læstum hirslum þegar kennari er ekki á staðnum eða kennsla stendur yfir. Sama fyrirkomulag er í myndmenntastofu þar sem ætandi efni, málning o.fl er geymt í læstum hirslum.

Í verk- og listgreinum er einna mest hættu fyrir starfsmenn og nemendur. Um er að ræða tæki og efnivið sem með rangri meðferð geta valdið óhöppum eða jafnvel slysum.

Skólastjórn og öryggisnefnd leggur til að skýrar reglur verði settar um umgengni í einstökum kennslustofum og kynna þær fyrir nemendum og öðrum starfsmönnum reglulega. Tillaga er um að kennarar á svæðinu fari yfir reglurnar í upphafi skólaárs og kynni þær öðrum starfsmönnum með formlegum hætti. Gæta verður þess sérstaklega að nýir starfsmenn fái upplýsingar og leiðbeiningar um meðferð tækja og véla. Einnig þarf að gera sérstaka viðbragðsáætlun vegna slysa sem verða á svæðinu. Æskilegt er að vélasalur í smíðastofu sé læstur. Gæta þarf þess að loka dyrum að lakkherbergi í smíðastofu og lofta vel út.

Hávaði í þessum kennslustofum er oft yfir viðmiðunarmörkum, sérstaklega í smíðastofu. Eyrnahlífar eru til staðar og hlífðarfatnaður.

Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða en kennaraborð eru mismunandi eftir námsgreinum. Kennarar hafa vinnuástöðu á kaffistofu í list- og verkgreinaálmú (C) en geta jafnhliða nýtt opið vinnusvæði í miðrymi. Alls eru 11 kennslustofur á þessari hæð auk opins rýmis á miðvæði.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sérherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma.

Kennsluhúsnæði unglíngastígs (B-álma)

Á þessu svæði eru níu-tíu bekkjardeildir og á bilinu 210-235 nemendur á aldrinum 14-16 ára.

Kennarar og almennir starfsmenn eru að jafnaði rúmlega fimmtán talsins. Öryggis starfsmanna er gætt í hvívetna. Starfsmönnum stafar ekki hættu af umhverfi sínu eða starfsvettvangi.

Kennarar á þessu stigi geta unnið í sínum kennslustofum að kennslu lokinni. Tölva er í hverri kennslustofu og prentari á kaffistofu. Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða og kennaraborð eru upphækkanleg. Gott aðgengi er að síma.

Starfsmenn hafa auk þess aðgang að tölvum, prentara og ljósritunarvél í stjórnunarálmú. Skipulag starfshátta gerir ráð fyrir að nemendur geti nýtt ganga og vinnuver sem námssvæði.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sérherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma.

Reynt er að draga úr hávaða á svæðinu eins og kostur er. Hávaði er undir viðmiðunarmörkum.

Kennsluhúsnæði í D-álmú

Á þessu svæði eru níu-tíu bekkjardeildir og á bilinu 210-235 nemendur á aldrinum 12-14 ára.

Kennarar og almennir starfsmenn eru að jafnaði rúmlega tólf talsins. Öryggis starfsmanna er gætt í hvívetna. Starfsmönnum stafar ekki hættu af umhverfi sínu eða starfsvettvangi.

Kennarar á þessu stigi geta unnið í sínum kennslustofum að kennslu lokinni. Tölva er í hverri kennslustofu og prentari á kaffistofu. Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða og kennaraborð eru upphækkanleg. Gott aðgengi er að síma.

Starfsmenn hafa auk þess aðgang að tölvum, prentara og ljósritunarvél í stjórnunarálmú. Skipulag starfshátta gerir ráð fyrir að nemendur geti nýtt ganga og vinnuver sem námssvæði.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sérherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma.

Reynt er að draga úr hávaða á svæðinu eins og kostur er. Hávaði er undir viðmiðunarmörkum.

Mötuneyti nemenda og starfsmanna

Mötuneyti Grundaskóla hefur aðstöðu í miðrymi skólans eða s.k. A-álmú. Alls borða að meðaltali um 600 manns í mötuneytinu alla virka daga. Neðri mörk eru tæplega 500 og efri mörk ríflega 800 manns.

Tveir matráðar stjórna vinnu í eldhúsinu en alls starfa um átta starfsmenn á eldhússvæðinu auk kennara sem fylgja nemendum í matsal. Aðstaða er þröng í mötuneyti en reynt er að viðhalda tækjum og tólum eins og best verður á kosið. Starfsmönnum er skaffaður sá öryggisbúnaður er tilheyrir hverju starfi fyrir sig.

Setja þarf reglur um notkun eldhússins m.a. varðandi hreinlæti og meðferð matvæla. Ftr. frá heilbrigðisefirliti hafa séð um úttekt á aðstöðunni og er brugðist við ábendingum sem þar koma án tafar.

Starfsmenn mötuneytis vinna eftir reglum og stöðlum frá Lýðheilsustöð.

Sérstakar reglur verður að setja um notkun eða umgengni annarra en starfsmanna skólans.

Bókasafn

Bókasafnið er bjart og uppfyllir skilyrði um góða vinnuaðstöðu. Hávaði er undir viðmiðunarmörkum.

Þar eru tölur sem nemendur geta notað við verkefnavinnu. Inn af bókasafnsryminu er bókalager og bókageymsla. Þar er brattur stigi upp á loft yfir hluta geymslunnar. Þar verður að sýna aðgát og nemendur eiga ekki að fara þar upp.

Loftgæði mættu gjarnan vera betri á þessu svæði þar sem ekkert loftræstikerfi er starfrækt á þessu svæði.

Erfitt er að lofta út þar eingöngu er hægt að opna þrjá glugga og enginn gluggi eða loftræsting er í geymslurýmiinu. Mikilvægt er að finna lausn á þessu máli til að tryggja góð loftgæði.

Skrifstofur og valreinastofur A-álma

Stjórnunarálma skólans flokkast sem miðrymi skólans. Undir þetta svæði flokkast salur, skrifstofur, valgreinastofur, fundaherbergi og opið vinnusvæði starfsmanna/nemenda. Þessi hluti skólahúsnæðisins er á einni hæð, bjartur og aðgengilegur. Stjórnendur og almennir starfsmenn eru að jafnaði rúmlega tíu talsins. Öryggis starfsmanna er gætt í hvívetna. Starfsmönnum stafar ekki hætta af umhverfi sínu eða starfsvettvangi.

Skólaárin 2025-2028 fer kennsla í valgreinum og tengt stoðþjónustu skólans fram í húsnæði stjórnunarálmu. Fjöldi nemenda er um 40 talsins en starfsmenn 4-5 eftir á hvaða starfstíma er átt.

Öryggis starfsmanna er gætt í hvívetna. Starfsmönnum stafar ekki hætta af umhverfi sínu eða starfsvettvangi. Kennarar geta unnið í sínum kennslustofum að kennslu lokinni. Tölva er í hverri kennslustofu og prentari á skrifstofusvæði. Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða og kennaraborð eru upphækkanleg. Gott aðgengi er að síma.

Starfsmenn hafa auk þess aðgang að tölvum, prentara og ljósritunarvél.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sérherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma.

Kennsluhúsnæði í Eyju – lausar kennslustofur

Lausar kennslustofur eru austan megin við aðalbyggingu Grundaskóla. Þar er kennsluhúsnæði fyrir 5. og 6. bekk skólans eða alls sjö kennslustofur auk ganga og sameiginlegs rýmis.

Á þessu svæði eru sex bekkjardeildir og á bilinu og ríflega 150 nemendur auk starfsmanna. Alls eru 8-10 starfsmenn sem vinna jafnan á svæðinu. Öryggis starfsmanna og nemenda er gætt í hvívetna. Starfsmönnum stafar ekki hætta af umhverfi sínu eða starfsvettvangi.

Kennarar er kenna í Eyju geta unnið í sínum kennslustofum að kennslu lokinni. Tölva er í hverri kennslustofu og prentari á kaffistofu. Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða og kennaraborð eru upphækkanleg. Gott aðgengi er að síma.

Starfsmenn hafa auk þess aðgang að tölvum, prentara og ljósritunarvél í stjórnunarálmu. Skipulag starfshátta gerir ráð fyrir að nemendur geti nýtt ganga sem námssvæði.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sérherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma og einnig í lok dags.

Kennslustofur í Lengju – lausar kennslustofur

Lausar kennslustofur eru austan megin við aðalbyggingu Grundaskóla. Þar er kennsluhúsnæði fyrir 5. og 6. bekk skólans eða alls sjö kennslustofur auk ganga og sameiginlegs rýmis.

Á þessu svæði eru átta lausar kennslustofur á skólalóðinni sunnan megin við aðalbyggingu Grundaskóla. Um er að ræða gámastofur, tvær og tvær tengdar saman með tengibyggingu. Gert er ráð fyrir að þessar

stofur verði seldar og færðar af svæðinu á árinu 2025 þegar C-bygging kemst í notkun eftir umfangsmiklar viðgerðir. Alls er möguleiki að koma fyrir 8 bekkjum eða um 160 nemendum auk starfsfólks.

Í lengjunni er öryggis starfsmanna og nemenda er gætt í hvívetna. Starfsmönnum stafar ekki hætta af umhverfi sínu eða starfsvettvangi.

Kennarar er kenna í Lengjunni geta unnið í sínum kennslustofum að kennslu lokinni. Tölva er í hverri kennslustofu og prentari á kaffistofu. Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða og kennaraborð eru upphækkanleg. Gott aðgengi er að síma.

Starfsmenn hafa auk þess aðgang að tölvum, prentara og ljósritunarvél í stjórnunarálmu.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sérherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma og einnig í lok dags.

Kennsluhúsnæði á Jaðarsbökkum

Kennsla í skólaíþróttum fer fram í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum. Þetta varðar kennslu í leikfimi og sundi. Fyrirhugaðir eru flutningar haustið 2025 í nýtt og glæsilegt íþróttahús sem nú er í byggingu. Aðstaðan í nýju húsi verður í takt við nýja tíma og verður án vafa mikið farmfaraspor fyrir bæði nemendur og starfsmenn.

Allir nemendur skólans sækja kennslu í skólaíþróttum og fara a.m.k. tvívegis í hverri viku í íþróttir eða sund. Yngstu nemendum skólans er kennt sund að vori með mánaðar námskeiðshaldi. Alls eru fimm starfsmenn sem vinna á svæðinu að öllu jöfnu. Öryggis starfsmanna og nemenda er gætt í hvívetna. Starfsmönnum stafar ekki hætta af umhverfi sínu eða starfsvettvangi.

Kennarar er kenna á Jaðarsbökkum geta unnið í sérstakri vinnuástöðu að lokinni kennslu. Aðbúnaður er góður og allt til alls. Tölvur eru fyrir kennara og prentari. Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða og hentug vinnuborð. Gott aðgengi er að síma.

Starfsmenn hafa auk þess aðgang að tölvum, prentara og ljósritunarvél í stjórnunarálmu.

Ræsting fer fram daglega á skólatíma og einnig í lok dags. Umsjón með ræstingu og varðveislu ræstingarefna og véla er í höndum starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar.

Kennsluhúsnæði og aðstaða fyrir frístund á Grundaseli

Grundaskóli nýtir húsnæði Grundasels sem er stutt vestan megin við aðalbyggingu skólans undir kennslu í valgreinum og undir frístund skólans. Fyrirhugaðar eru breytingar á nýtingu aðstöðunnar á þann hátt að frá og með ágúst 2025 mun 1. bekkur skólans hafa kennsluástöðu í húsinu auk frístundar. Öll aðstaða í Grundaseli hentar fyrir kennslu yngstu nemenda og fyrir frístund. Alls eru þrjár deildir, alrými auk fimm til sex sérherbergja.

Öryggis starfsmanna og nemenda er gætt í hvívetna á Grundaseli. Starfsmönnum stafar ekki hættu af umhverfi sínu eða starfsvettvangi.

Kennarar er kenna í Grundaseli geta unnið í sérstakri vinnuaðstöðu að lokinni kennslu. Aðbúnaður er góður og allt til alls. Tölvur eru fyrir kennara og prentari. Kennarar hafa stillanlega stóla til umráða og hentug vinnuborð. Gott aðgengi er að síma.

Starfsmenn hafa auk þess aðgang að tölvum, prentara og ljósritunarvél í stjórnunarálmu.

Skólaliðar geyma ræstingarvörur í sérherbergi. Ræstingarvörur er merktar með varúðarmerkjum þar sem við á. Upplýsinga- og öryggisblöð eru á íslensku og ræsting fer fram daglega á skólatíma og einnig í lok dags.

Öryggisáætlun vegna eldsvoða

Öryggisáætlun og rýmingaráætlun eru til vegna hugsanlegs eldsvoða í skólahúsnaðinu. Starfsmönnum er kynnt hvað gera skal ef brunavarnarkerfi fer í gang. Starfsmenn á skrifstofu gegna lykilhlutverki í þessu samhengi. Þeir fara að brunatöflu og sjá hvar kerfið fór í gang og athuga hvort um eld er að ræða. Þeir gera síðan ráðstafanir í samræmi við aðstæður. Brunavarnakerfið er tengt Öryggismiðstöð og ber að hafa samband við þá aðila ef kerfið fer í gang.

Brunavarnir - rýming

Brunavarnaæfing þar sem rýmingaráætlun er æfð og nýjum starfsmönnum kennt á slökkvibúnað skólans skal vera árlega að hausti. Einnig er æskilegt að æfa rýmingaráætlun á vorönn.

Viðbrögð þegar viðvörunarkerfið fer í gang

Þegar viðvörunarkerfið fer í gang skulu viðbrögð vera:

1. Kennari og stuðningsfulltrúi safni námshópi sínum saman eða fullvissi sig um að allir nemendur séu í hópnum.
2. Kennari sæki plastvasa með nafnalista hóps síns til að merkja við úti.
3. Kennari og stuðningsfulltrúi verði tilbúnir með hópinn sinn til að yfirgefa húsið. **Þegar skipun kemur um það eða viðvörunarkerfið fer í gang að nýju (í annað sinn).**
4. Ef rýma þarf húsið fer kennari/stuðningsfulltrúi með hóp sinn styðstu leið út um næsta útgang og sér til þess að allir í hópnum fari á sinn söfnunarstað úti.

Söfnunarstaður **ungsta stigs (1.-3. bekkur)** er við tröppur/körfuboltavöll yngsta stigs.

Söfnunarstaður **Eyjunnar (4.-5. bekkur)** er á horni lóðar (grasi) nálægt “rennuni”.

Söfnunarstaður **Lengjunnar (6.-7. bekkur)** er á fótboltavelli fyrir framan Lengjuna.

Söfnunarstaður **unglingastigs (8.-10. bekkur)** er á gervigrasvellingum.

5. Skólaliðar haldi sig á kennslusvæðum, meti hvaða rýmingarleið er best og aðstoði kennara/stuðningsfulltrúa við rýmingu skólans.

6. Þegar allir eru komnir á sín söfnunarsvæði merkir kennari við og fer yfir nafnalistann til að fullvissa sig um að allir í hópnum hafi komist út. Um leið og kennari er búinn að fara yfir nafnalistann veifar hann spjaldi sem finna má í plastvasanum. Grænu spjaldi ef allir í hópnum eru á staðnum, rauðu spjaldi ef einhvern úr hópnum vantar.
7. Kennari/stuðningsfulltrúi bíða með hópnum og fá skilaboð framhaldið.

Áríðandi er að safna hópnum saman úti og merkja skal við í bekkjarskrá til að fullvissa sig um að allir hafi komist út. Ákveðinn hefir verið staður fyrir hverja bekkjardeild úti á skólalóðinni til að auðveldara verði að safna hópnum saman. Afstöðumynd af skólanum hefur verið komið fyrir inni í öllum kennslustofum og staðsetning viðkomandi bekkjar merkt þar inn á ásamt því hvar hópurinn á að safnast saman.

B. Skólastjórar, skólaritarar og skólaliðar A-hluta

Þegar brunavarnakerfið fer í gang skulu viðbrögð vera:

- 1) Þessir aðilar komi strax að töflunni fyrir brunavarnakerfið og stöðvi bjöllurnar með því að ýta á takkann Hljóðgjafar af , ýta svo þrisvar á 0 (núll) og staðfesta með √ takkanum.
- 2) Athuga skal strax hvort og þá hvar er eldur. Teikning af skólanum er við hlið stjórnborðs brunavarnakerfis.
- 3) Tilkynna skal strax um að rýma eigi skólann ef þess þarf. Það er gert með því að setja bjöllur í gang aftur með því að ýta á takkann Rýma hús , ýta svo þrisvar á 0 (núll) og staðfesta með √ takkanum. Jafnframt skal fara og stjórna rýmingunni, ákveða hvaða útgönguleiðir skuli notaðar.
- 4) Hafa *strax* samband við **Öryggismiðstöð Securitas** og láta vita hvort kalla eigi út slökkvilið eða hvort um "gabb" er að ræða. *Símanúmer: 533-5533 - Neyðarnúmer 112*
- 5) Skólaliðar fari í allar stofur og láti vita ef um "gabb" hefur verið að ræða, tilkynni að allt sé í lagi.

Viðbrögð við óveðri

Kennsla er ekki felld niður vegna óveðurs. Skólinn er opinn nemendur frá kl. 7:30 eins og aðra daga. Foreldrar meta hvort börn þeirra koma í skólann ef þeir telja veður viðsjárvert eða hættulegt börnum sínum. Þeir tilkynna þá skólanum fjarveru barnanna. Óskað er eftir því að foreldra sæki yngstu börnin í skólann ef veður er mjög vont.



Námskeiðshald, þjálfun og eftirlit

Skólastjórn Grundaskóla skipuleggur árlega endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Það skipulag nær m.a til eftirfarandi þátta:

- Sundkennarar uppfylli reglur um endurmenntun og endurnýjun réttinda.
- Braunaæfingar séu haldnar a.m.k. einu sinni til tvisvar á ári í samstarfi við Slökkvilið Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar.
- Árlega sé boðið upp á námskeið í skyndihjálpi og reglubundið upp á námskeið í sálrænni skyndihjálpi.
- Reglubundið sé boðið upp á námskeið um heilsuvernd og heilsueflingu.
- Reglubundið sé haft samráð við trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn varðandi öryggisatriði er koma upp og úrlausnir sem gripið er til í framhaldinu.
- Haldin er nákvæm slysaskráning á skólatíma.
- Jafnréttisáætlun sé í virku ferli og árangur metinn sem hluti af gæðamati skólans
- Nákvæmlega er haldið utan um tilkynningar um einelti eða áreitni af hvaða tagi sem er og innan skólans starfar sérstakt eineltisteymi sem fylgir slíkum málum eftir í samræmi við sett verklag.
- Grundaskóli stendur að jafnlaunaáætlun bæjarfélagsins og reglubundið er fylgst með að áætlunin standist settar kröfur.
- Öryggismál eru hluti af gæðamati skólans
- O.fl.

Eftirlit og eftirfylgd Grundaskóla varðar m.a. eftirfarandi þætti:

- Í innra gæðamati er fylgt eftir ábendingum er varða öryggis- og heilbrigðismál (sjá gæðamat).
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands framkvæmir reglubundið eftirlit og er brugðist við ábendingum í samstarfi við framkvæmdasvið Akraneskaupstaðar.
- Eldvarnareftirlitsfulltrúi fylgir eldvörnum eftir og framkvæmir reglubundið úttektir í húsnæði skólans. Fulltrúar skólans bregðast við ábendingum í samstarfi við framkvæmdasvið Akraneskaupstaðar.
- Vel er haldið utan um slysaskráningu og öll alvarleg slys tilkynnt til vinnueftirlits og tryggingarfélags.
- Grundaskóli er heilsueflandi grunnskóli og í skólanum starfar sérstakt teymi starfsmanna sem fylgir verkefningu eftir og vinnur í samstarfi við ÍSÍ og Akraneskaupstað að heilsueflingu nemenda og starfsmanna.
- O.fl.

I. Hluti

Athugasemdir og ábendingar um viðhald tengt skólahúsnæði Grundaskóla



Samvinna – Traust - Virðing

Grundaskóli febrúar 2025

sas